



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	Fundur stjórnar KLÍ
Staðsetning:	Fundarsalur ÍSÍ
Hvenær:	19.5.2027
Pátttakendur:	Valgerður Rún Benediktsdóttir - Formaður Jóhann Ágúst Jóhannsson – Gjaldkeri Hafðís Pála Jónasdóttir – Varaformaður Böðvar Már Böðvarsson – Varamaður Katrín Fjóra Bragadóttir - Varamaður Þórarinn Már Þorbjörnsson – Framkvæmdastjóri KLÍ
Fjarverandi:	Sigurður Jónas Eggertsson - meðstjórnandi Ársæll Rafn Erlingsson – ritari Helga Hákonardóttir – varamaður
Fundarritari:	VRB

Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð 11. fundar fyrri stjórnar samþykkt.

Verkaskipting og vinnulag stjórnar

- Verkaskipting verður eftirfarandi, HPJ varaformaður, JAJ gjaldkeri, ÁRE ritari.
- Gögn stjórnar eru vistuð á One drive, stjórn er með facebook hóp og spjall.
- Fundartími – skoðað hvort að stjórn geti fundað annan fimmtudag í mánuði. VRB kannar.

Skipan nefnda

- Mótanefnd – ÞMP kannar hvort að núverandi fulltrúar vilji vera áfram.
- Landsliðnefnd – ÞMP kannar hvort að núverandi vilji vera áfram. Ræðir við formann ÍA um hvort að félagið vilji tilnefna fulltrúa í nefndina.
- Tækninefnd – ÞMP kannar hvort að núverandi fulltrúar vilji vera áfram.
- Dómaranefnd og aganefnd verða skipaðar eftir að búið er að endurskoða umgjörð dómara- og agamála.

Afgreiðsla tillagna ársþings

- *Tillaga frá ÍR varðandi mótariðun.* Allsherjarnefnd lagði til að tillögunni yrði vísað til Mótanefndar og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
 - ÞMP tekur tillöguna til mótanefndar. Rætt um afleiðingar þess að færa mót fram yfir áramóta sem þýðir að viðkomandi mót er þá ekki spilað það tímabil. ÞMP kemur þeim þælingum á framfæri við mótanefnd.
- *Tillaga stjórnar KLÍ um stefnumótun.* Allsherjarnefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
 - Samþykkt að fá utanaðkomandi aðstoð við stefnumörkun. VRB kemur með tillögur að aðilum og kostnaði.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

- *Afrestsstofna KLÍ.* Allsherjarnefnd lagði til að hún yrði samþykkt en að stjórn tæki til skoðunar orðlag varðandi meðaltal og var sú tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
 - VRB uppfærir tillöguna þannig að talað sé um allsherjar meðaltal. Aðrar breytingar bíða næstu endurskoðunar.

Landsliðsmál

- Þjálfaramál
 - Ráðning þjálfara karlalandsliðs – Búið er að ganga frá samningi við Peter Ljung til áramóta. Hann hefur heimild til að velja sér aðstoðarþjálfara. ÞMP og landsliðsnefnd taka næstu skref.
 - Ráðning þjálfara fyrir unglíngalandslið – Fyrir liggur tillaga landsliðsnefndar um að ráða Matthías Möller og Katrínu Fjólu sem þjálfara til næstu tveggja ára. Samþykkt af stjórn að VRB kanni möguleika á að ná samninga við þau.
 - Ráðning þjálfara fyrir öldunga – VRB óskar eftir við landsliðsnefnd að hún komi með tillögu að landsliðsþjálfara næstu tveggja ára.
- Landsliðsferðir
 - Tillaga íþróttastjóra og landsliðsnefndar að ferðum karla og kvenna á ATC vegna undirbúnings fyrir HM.
 - Búið var að samþykkja U30 mót á TC á fjárhagsáætlun en það fellur niður. Ef farið verður á ATC fjölgar þá eingöngu um fjóra einstaklinga. Stjórn samþykkir að farið verði á mótið en ÞMP falið að ræða við þjálfarana um hvort að vilji sé til að fara.
- Camp fyrir landsliðskonur – Tóti tekur aftur upp við landsliðsnefnd. Mögulega tengja við RIG 2027.
- Tillaga að nýjum landsliðsbúningum – kostnaður við búninginn verður sá saman en það þarf að panta stærra upplag. ÞMP fær uppfærðar tillögur í samræmi við umræður á fundinum.
- Æfingaaðstaða landsliða – erindi frá rekstraraðila keilusalarins á Akranesi – Stjórn sammála um að eðlilegt sé að greitt sé fyrir aðstöðu og þjónustu. VRB kallar eftir frekari hugmyndum frá rekstraraðila um útfærslu.

Dagskrá næsta tímabils

- Drög að dagskrá – eru í vinnslu hjá ÞMP og mótanefnd.
- Ákvörðun um fjölda liða í 2. deildar – samþykkt að spila 11 liða deild og fækka svo niður í 10 lið á næsta tímabili.
- Möguleg riðlaskipting 3. deildar – stjórn sammála um að ekki ástæða til að gera breytingar að þessu sinni.

RIG 2027

- JÁJ fer yfir mögulegt samstarf við Storm sem og nýjan vef fyrir RIG bowling.
- Stjórn samþykkir að haldið verði áfram samtali við Storm um RIG 2027.

Erindi til stjórnar vegna hörkureglu

- Stjórn barst erindi um að hörkureglu. Stjórn vísar erindinu til tækninefndar til umræðu. ÞMP kemur erindinu til nefndarinnar.

Endurskoðun gjaldskrár

- JÁJ fer yfir tillögu að breytingu á gjaldskrá sem hefur ekki verið uppfærð árum saman. Stjórn samþykkir uppfærða gjaldskrá.

Beiðni um styrk fyrir Alexöndru og Svavar (trúnaðarmál)

- Ekki styrkhæft skv. styrkjareglum KLÍ. ÞMP svarar.

Uppfærsla á starfsáætlun

- VRB uppfærir og leggur fram á næsta fundi.

Beiðni ípróttá- og framkvæmdastjóra um greiðslur í lífeyrissjóð (trúnaðarmál)

- Samþykkt að greiða í lífeyrissjóð.
- Samþykkt að fela VRB að taka starfsmannasamtal við ÞMP um framtíðina.

Önnur mál

- Rætt hvort að eðlilegt væri að það væru til afreksmerki fyrir þjálfara. VRB skoðar hvernig önnur sérsambönd haga þessu.
- Rætt um nauðsyn þess að uppfæra og gera rafræn ákveðin eyðublöð s.s. dómaraskýrslu og leikheimild. Einnig rætt um nauðsyn þess að endurskoða ferlana varðandi skráningu. Bætt við starfsáætlun.